

# Skólanámskrá Grænagarðs 2019-2020



Flateyri

## Efnisyfirlit

Skólanámskrá	5
Sýn á nám leikskólabarna	5
Um leikskólann	7
Leiðarljós leikskóla	8
Hugmyndafræði Grænagarðs	8
Leikur og nám	9
Nám í leik	9
Nám í daglegu lífi í leikskóla	9
Nám í samskiptum	10
Nám í skapandi starfi og hugsun	10
Námsumhverfi	10
Grunnþættir menntunar	11
Námssvið aðalnámskrár	12
<i>Læsi</i>	12
<i>Læsi og samskipti</i>	12
<i>Sjálfbærni</i>	13
<i>Sjálfbærni og vísindi</i>	14
<i>Lýðræði og mannréttindi</i>	15
<i>Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi</i>	15
<i>Heilbrigði og velferð</i>	16
<i>Heilbrigði og vellíðan</i>	17
<i>Sköpun</i>	19
<i>Sköpun og menning</i>	19
Samþætt og skapandi leikskólastarf	20
Daglegar venjur	20
Að koma og fara	20
Hverjir sækja barnið	21
Sérþarfir	21
Veikindi barna	21
Máltíðir	21



Svefn og hvíld	22
Hreinlæti	22
Að klæða sig í og úr	23
Frágangur og snyrtimennska	23
Útivera	23
Vettvangsferðir	24
Leikurinn	24
Hópatími	24
Myndlist	25
Tónlist	25
Hreyfing	25
Menning og hefðir	26
Mat á námi og velferð barna	27
Innra mat	27
Ytra mat	28
Fjölskyldan og leikskólinn	28
Opnunartími	28
Umsókn um vistun	28
Leikskólagjöld	28
Uppsagnarfrestur og breytingar á vistunartíma	29
Fjarvistir	29
Kynning	29
Aðlögun	29
Þagnarskylda	30
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	30
Fræðsla og upplýsingar til foreldra	31
Stefna vegna foreldrasamstarfs	31
Tengsl skólastiga	32
Starfsmannafundir	33
Starfsdagar	33
Skólanámskrá	33



Foreldraviðtöl	33
Sérkennsla	34
Starfsmannastefna	34
Starfsáætlun	34
Lokaorð	34



## Skólanámskrá

Námskrá leikskólans Grænagarðs byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla.

Skólanámskráin fjallar um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í skólanámskrá koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

Tilgangur leikskólanámskrár er:

1. Að skipuleggja leikskólastarfið, uppeldi og nám barna.
2. Að stuðla að gæðum í stafi og skilvirkni.
3. Að gera leikskólastarf viðkomandi skóla sýnilegra

## Sýn á nám leikskólabarna

Viðhorf leikskólakennara til barna og bernskunnar almennt er afar mikilvægur áhrifaþáttur við mótun leikskólastarfs og leikskólauppeldis. Þeir sem vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna sækja hugmyndir í sérstakar uppeldisaðferðir og sérstaka hugmyndafræði.

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri, með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áherslan er á vellíðan barnanna og þá starfsemi sem kemur þeim til góða til aukins vaxtar og þroska. Til stendur að Leikskólinn Grænigarður verði heilsueflandi leikskóli en sú vinna er í þróun og tafðist vegna covid 19 og tíðra óveðra veturinn 2019-2020. Unnið er samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla, Menntastefnu Ísafjarðarbæjar og Lestrarstefnu Ísafjarðarbæjar. Markmið leikskólans er að barnið nái þeim þroska sem því er mögulegt í leik- og gleðiríku umhverfi. Leikurinn er okkar helsta og besta kennsluaðferð. Grænigarður leggur áherslu á jákvætt starfsumhverfi, gleði og kærleika, gott samstarf við foreldra, hreyfingu, útiveru og frjálsan leik. Leikskólinn á að vera öruggur staður fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Samskipti eru grundvallarþáttur í öllu starfi leikskólans og lögð er áhersla á mikilvægi þess að vanda til þeirra samskipta sem fram fara innan leikskólans. Með umgengni



við aðra læra börn undirstöðuatriði í samskiptum, þroska félagsfærni sína og sjálfsmynd. Til að börnin fái sem bestar fyrirmyndir og geti tileinkað sér góð samskipti og vinnubrögð er mikilvægt að starfsaðferðir í leikskólanum séu samræmdar og sameiginleg viðhorf séu ríkjandi hvað varðar börnin og starfið.

### **Starf leikskóla byggir á:**

Lög um leikskóla

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Aðalnámskrá leikskóla 2011

[https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk\\_vefur.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf)

Reglugerðir um stafsemi leikskóla

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/3291>

Menntastefna Ísafjarðarbæjar

[https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/menntastefna\\_isafjardarbaejar\\_2019.pdf](https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/menntastefna_isafjardarbaejar_2019.pdf)

Lestrarstefna Ísafjarðarbær

[https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Skolamal/lestrarstefna\\_isafjardarbaejar.pdf](https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Skolamal/lestrarstefna_isafjardarbaejar.pdf)

### **Einnig byggja leikskólar Ísafjarðarbæjar starf sitt á ýmsum stefnumótandi samþykktum – s.s**

Jafnréttisstefnu Ísafjarðarbæjar,

<https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/jafnrettisstefna.pdf>

Starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar

[https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/starfsmannastefna\\_isafjardarbaejar.pdf](https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/starfsmannastefna_isafjardarbaejar.pdf)

Forvarnastefnu Ísafjarðarbæjar.

<https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/forvarnarstefna.pdf>



## Um leikskólann



Leikskólinn Grænigarður er staðsettur í fallegu umhverfi þar sem stutt er í fjöruna, fjöllin, hvítu ströndina og sveitina. Grænigarður var opnaður formlega 1. desember 1996. Leikskólinn okkar var gjöf Færeyinga því það var söfnunarfé frá þeim sem fjármagnaði byggingu leikskólans að langmestu leyti eftir snjóflóð 1995. Húsnæði leikskólans er tveggja hæða bjálkahús, þar sem leikskólinn er rekinn á neðri hæð hússins og félagsmiðstöð á efri hæðinni.

Auk deildarstjóra starfa fimm starfsmenn á leikskólanum, 4 í 100% stöðu og 1 í 80% stöðu. Einn af starfsmönnum vinnur við ræstingar, skipuleggur og gengur frá í eldhúsi og leysir af á deildum. Leikskólinn er einnar deildar skóli og er börnunum skipt upp í tvær álmur sem hafa fengið nöfnin Eyri og Oddi sem vísar til staða á Flateyri. Í hópastarfi er skipt upp í fimm litla hópa. Hópaskiptingin miðast við aldurssamsetningu hverju sinni sem getur verið mismunandi á milli ára. Skólaárið 2019- 2020 eru 17 börn í leikskólanum og eru u.þ.b. 50% þeirra tvítýngd. Auk starfsins með börnunum sinna starfsmenn verkum í móttökueldhúsi þar sem maturinn er keyptur frá fyrirtæki í bænum, Gunnukaffi. Þar er einnig maturinn fyrir grunnskólann eldaður og hafa grunnskólanemendur aðstöðu til að borða á staðnum. Lýðskóli og eldri borgarar fá sinn mat á sama stað.

Ísafjarðarbær er rekstraraðili leikskólans. Skóla og tómstundasvið sér um faglega umsjón og sjá starfsmenn Skóla- og tómstundasviðs um ráðgjöf, greiningu og stuðning vegna sérþarfa. Guðrún Birgisdóttir er Skóla og sérkennslufulltrúi og sér um málefni sem snúa að leikskólum Ísafjarðarbæjar. Leikskólar eru lögbundið fyrsta skólastig skv. lögum um leikskóla og falla undir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar er til húsa á 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1 á Ísafirði. Símsvörun og almenn móttaka er á 2. hæð á Þjónustuborði. Sviðsstjóri skóla og tómstundasviðs er Stefanía Ásmundsdóttir, sími: 450 8000. Leikskólinn er opinn frá 08:00 - 16:00, boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma.



## Leiðarljós leikskóla

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.



### Leiðarljós

- Að barnið öðlist sjálfsöryggi (það sem barnið er) og sjálfstraust (það sem barnið lærir) og að þetta tvennt haldist í hendur.
- Að barnið öðlist virðingu og viðurkenningu og læri að treysta á eigin verðleika.
- Að barnið finni öryggi, kunni að sýna frumkvæði og að taka tillit til annarra.
- Að barnið öðlist færni í að þekkja sínar eigin tilfinningar og skoðanir, setja öðrum mörk og að koma þeim á framfæri og taka á móti skoðunum annarra.
- Að barnið öðlist færni, leikni og getu til að afla sér nýrrar þekkingar, tækifæra til breytinga og að hafa áhrif á námsumhverfi sitt.
- Að barnið finni að það er virkur þátttakandi í að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem auka hæfni í mótun sjálfsmýndar.

## Hugmyndafræði Grænagarðs

Frá haustinu 2000-2017 leitaðist leikskólinn Grænigarður við að starfa í anda Hjallastefnunnar. Í ársbyrjun 2020 var ákveðið að gera leikskólann að heilsueflandi leikskóla. Sú vinna hefur dregist á langinn vegna covid 19 en verður farið á fullt með þetta haustið 2020.





## Leikur og nám

Leikurinn er aðal tjáningarform og námsleið barnsins. Barn í leik er kjarninn í uppeldisstarfinu í leikskólanum til að ná þeim gildum sem námskrá leikskólans setur fram. Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskaþætti sem samtinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagsþætti, fegurðarskyn og sköpunarþætti, siðgæði og lífsviðhorf.

Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins.

## Nám í leik

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna. Fullorðnir og börn eru hluti af því umhverfi. Leikskólafræðingar leggja áherslu á mikilvægi leiksins sem náms- og þroskaleiðar og hinn frjálsi sjálfsprottnei leikur er æðstur allra leikja. Margs konar upplifanir barnsins, svo og dagleg störf fullorðna fólksins, glæða leik barnanna lífi og innihaldi.

## Nám í daglegu lífi í leikskóla



Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.



## Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Sjálfsmýnd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn. Samvinna, samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna. Leikskólakennarar eru fyrirmyndir barnanna í orði og athöfnum.

## Nám í skapandi starfi og hugsun



Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Leikskólakennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Þeir skapa einnig aðstæður til tjáningar og

sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu. Þannig gefst börnunum tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttaða reynslu.

## Námsumhverfi

Nærumhverfi leikskóla er margbreytilegt og mismunandi eftir staðsetningu þeirra. Náttúran býður upp á fjölbreyttan efnivið og margvísleg tækifæri til rannsókna og uppgötvana.

Námsumhverfi Grænagarðs gefur tækifæri til náms jafnt innandyra sem utan. Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Námsumhverfi leikskólans tekur mið af því að börnin séu virk og læri í gegnum leikinn.

Umhverfið þarf að vera öruggt, aðlaðandi, heilsusamlegt og jafnframt hvetjandi. Námsumhverfið þarf að geta tekið breytingum og þróast með tilliti til þarfa og áhuga þeirra sem þar dveljast. Umhverfið getur verið breytilegt og boðið upp fjölbreytta valkosti.



Skipuleggja þarf svæði þar sem börn geta leikið í stórum sem litlum hópum. Rými þar sem svigrúm er fyrir fjölbreytta hreyfingu þarf að vera til staðar og einnig rými þar sem börn geta verið í ró og næði. Í leikskóla á skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis að endurspegla þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu hvað varðar húsnæði, búnað, leikvöll og nærumhverfi. Lögð er áhersla á að skapa fjölbreytilegt leikumhverfi sem vekur forvitni barnanna og ýtir undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra fái notið sín. Börnin fá að starfa og leika á sínum forsendum, þroska og þjálfra alla hæfileika sína. Í leikskólanum hafa börnin aðgang að fjölbreyttu leikefni, leikum er gefið rými í dagskipulaginu og börnunum gefið tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka.

## Grunnþættir menntunar

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms sviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans.

Börn vinna út frá sjálfstæði sínu og í samskiptum við aðra. Þannig læra börnin af öllu því sem þau taka sér fyrir hendur í leik og daglegu starfi jafnt úti sem inni.

Í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru grunnþættir menntunar skilgreindir.

*„Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig*

*að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í*

*samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og*

*vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa*

*það.“* Grunnþættirnir eru eftirfarandi: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti,

heilbrigði og velferð og sköpun



## Námssvið aðalnámskrár

Námssvið leikskólans taka mið af grunnþáttum menntunar og af daglegu starfi í leikskólanum. Þau mynda samþætt og skapandi leikskólastarf með gildi leikskólans að leiðarljósi. Kennarinn miðlar þekkingu af fagmennsku þar sem barnið fær yfirsýn yfir eigin getu og nýtir sér hana til að taka sjálfstæðar ákvarðanir.



### Læsi

Læsi er samspil kunnáttu og færni sem barn þarf að öðlast til að geta fært hugsun sína í letur (ritað) og skilið ritaðan texta (lesið). Barnið þarf að fá tækifæri til að lesa í alls kyns mál eða tákni og þjálfun í að búa til ýmiss konar efni sem fjölga lestraraðferðum. Umhverfið á að ýta undir áhuga og forvitni hvað varðar form, ritun, læsi, sögugerð, rím, túlkun, sköpun, stafagerð, stafaröðun, tákni, málörvun, mismunandi efnivið, fræðslu, hljóðkerfisvitund, merkingar, mismunandi tæki og tækni.

### Læsi og samskipti



Á Grænararði er mikið lagt upp úr málörvun og orðaforðakennslu. Við leggjum áherslu á aukinn orðaforða með sögum, vísum og söng. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar þrátt fyrir að einfaldleiki, festa og endurtekning í daglegu starfi einkenni skólastarfið. Mikilvægt er í huga okkar að börnin læri í gegnum leikinn og eigin upplifun. Við leggjum áherslu á læsishvetjandi umhverfi þar sem unnið með tákni og stafi. Áður en farið er í fyrstu útvíst dagsins raða börnin saman myndum með þeim klæðnaði sem hæfir veðri dagsins. Einnig er dagatal með myndum og bókstöfum notað til að fara yfir daginn. Við vinnum með hljóð bókstafa, æfum með börnunum rím, klöppum atkvæði. Unnið er með Hljóðasmiðju Lubba sem er námsefni til málörvunar og hljóðanáms fyrir tveggja til sex ára. Rætt er um liti, t.d. á húsum og bílum. Talnalæsi er einnig virkjað, það má finna ákveðinn



fjölda steina úti eða telja diska þegar lagt er á borð inni og telja fjölda barna í hópum. Unnið er með skilning barnanna á magni og fjölda með því að nota námsgögn sem tengja saman tölur og magn. Við notum söngtexta og þulur til að kenna tölur liti og jafnframt líkamshluta. Heiti veðurfyrirbæra eru kynnt og lesið í veðrið. Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Sem fyrr er leikurinn þungamiðjan í öllu námi barnsins í leikskólanum, en fyrir utan hinn frjálsa leik má nefna könnunarleikinn, hlutverkaleiki og regluleiki sem einnig hafa áhrif á samskipti og læsi á tilfinningar. Börnin teikna, mála, leira, sulla, og búa til sögur þar sem upplifanir og tilfinningar þeirra koma fram. Börnin fá að fara frjálsum höndum um þau verkefni sem eru í boði og er ekki alveg stýrt.

Bækur eru staðsettar í bókahillum í kennarastofu og á deildunum eru þær hafðar aðgengilegar fyrir börnin til að handfjatla og skoða.

Börnin eiga í góðum samskiptum við hvert annað þar sem þau eru hvött til að leysa ágreiningsmál sjálf.

## Sjálfbærni

Sjálfbærni er að kenna barninu að þekkja, skilja og virða náttúruna og skilja mikilvægi samspils umgengni og virðingar og ábyrgð okkar á umhverfinu.

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta. Í þeirri menntun felst skilningur á samfélaginu, náttúrunni og vistfræðilegum takmörkum jarðarinnar. Sjálfbærni snýst um samfélagið, umhverfið, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð.

Börn nota mismunandi aðferðir við að kanna og skilja umhverfi sitt. Við komum til móts við hvern einstakling með því að skapa möguleika fyrir barnið til að uppgötva og upplifa en jafnframt að taka þátt í félagslegum samskiptum. Eftir því sem börnin þroskast fara þau lengra út í nærsamfélagið til að byggja ofan á fyrri upplifun, reynslu og bæta við þekkingu sína.



## Sjálfbærni og vísindi



Börnum er það eðlislægt frá fyrstu stundu að kanna umhverfi sitt. Þau læra mest á að snerta, horfa, hlusta, bera saman, flokka, draga ályktanir, rannsaka og upplifa. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru

að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir. Við sýnum vísindanámi barna virðingu með því að nýta möguleika í daglegu starfi og tengja við öll námsvið leikskólans. Jafnframt að vinna áfram með efnivið og upplifun barna úr vettvangsferðum og útinámi.

Börnin fara í vettvangsferðir og tengjast þær gjarnan því námsefni/þema sem fjallað er um hverju sinni. Vettvangsferðir út í náttúruna gefa börnunum tækifæri til að kynnast nærumhverfi sínu, örnefnum, menningu og samfélagi auk þess sem þau fræðast um náttúru og dýraríki landsins.



Leikskólinn Grænigarður lítur á sig sem sjálfbæran skóla og hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér. Kennarar þjálfí börnin markvisst í því að gera sjálf, að nota orðin sín og að tjá sig um líðan. Kennarar þjálfá sína hópa í að vera sjálfstæðir og sjálfbærir. Lausnamiðað starfsfólk gerir lífið létt fyrir litlar mannverur. Börnin vita að hinn fullorðni er alltaf til staðar ef þau þurfa aðstoð, hvort sem það er við að nota orðin sín eða leysa annars konar verkefni.

Náttúran og umhverfið skipta okkur miklu máli og því þurfa nemendur að þekkja, skilja og virða náttúruna. Það er gert með því að nemendur fara út og tína rusl, fara í vettvangsferðir og læra um náttúruna í nærumhverfi sínu, nota endurunnar vörur, t.d. pappír, plastvörur sem falla til á leikskólanum og annað slíkt í sköpunarvinnu sinni. Starfsfólk leikskólans býr til leirinn sem er notaður og er hann ætur og inniheldur einungis náttúruleg efni.



## Lýðræði og mannréttindi

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 19.

## Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Starf okkar byggir á virðingu fyrir margbreytileika og ólíkum menningarheimum óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu. Barn lærir lýðræði í umhverfi þar sem það er í hávegum haft. Allt nám þarf að taka mið af skoðunum barna og getu. Allir eiga rétt á að búa við góð skilyrði og mannréttindi.



Jafnrétti er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi jafnréttis og víðsýni. Leikskólinn skal vera samfélag allra og gefa öllum tækifæri til jafnréttis og réttlætis. Hann skal leitast við að kenna börnum gagnrýna hugsun og greina aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra, hvort sem um að ræða kyn, trúarbrögð, lífsskoðun, litarhátt, fötlun, fjárhag, efnahag, samfélagsstöðu, kynhneigð, búsetu, menningu, stétt, tungumál, þjóðerni eða ætterni.

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar.

Í daglegu starfi leikskóla er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki,



þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu.

Í leikskóla er leitast við að efla og styrkja frumkvæði barna. Þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa.

Í skólum Ísafjarðarbæjar á að ríkja gagnkvæm virðing milli barna, foreldra og stafsólks. Mikilvægt er að styrkja einstaklinginn til að tjá skoðanir sínar og tilfinningar. Leggja ber áherslu á að kenna hverjum og einum að bera ábyrgð á gjörðum sínum og að nýta sér þá kennslu og aðstoð sem í boði er.

Í leikskólanum Grænagarði miðast dagskipulag við fastan ákveðinn ramma og innan rammans er það frjálsræði að börnin geta komið með hugmyndir sem eru fullunnar í hópatímum eða í leiknum. Dagarnir eru fjölbreyttir og börnin læra alltaf eitthvað nýtt sem eflir víðsýni þeirra. Þar er leikurinn ekki fyrirfram ákveðinn sem styrkir sjálfstæði barna og gefur þeim margar mögulegar lausnir og eflir víðsýni. Allt starf kennara snýr að því að koma lýðræðislega fram með því að taka hverju barni eins og það er og aðstoða það á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Barnið er alltaf í brennidepli þar sem kærleikur og jákvæðni er lykilatriði. Leikskólanum ber að virða alla trúarflokka og alla minnihlutahópa þar sem allir fá að leggja orð í belg og segja skoðanir sínar.

Á Grænagarði er börnunum skipt í hópa eftir aldri eins og hægt er. Hver einstaklingur fær að njóta sín og í hópatímum er passað upp á að öll börn fái að gera sömu hluti. Sami efniviður er í boði fyrir alla í skólanum og því eru allir jafnir.

## Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Þetta ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan barna allan þann tíma sem þau dvelja í leikskólanum.





## Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. (Aðalnámskrá Leikskóla 2011).



Leikskólastarfið er skipulagt með áhuga og virkni barna að leiðarljósi. Börnin eru hvött til að taka ábyrgð á eigin líðan og minnt á að það sem við gerum og segjum hefur áhrif á aðra. Andrúmsloftið er vinsamlegt, við mætum þörfum barnanna og hvetjum þau og styðjum í að finna lausnir í aðstæðum sínum. Hlúð er að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir þeirra og getu. Lögð er áhersla á vinsemd og umburðarlyndi og hvatt til góðra samskipta, jákvæðni og vináttu. Við erum vakandi fyrir velferð hvers barns. Andlegt heilbrigði byggir meðal annars á öryggi og umhyggju, jákvæðri sjálfsmynd og skilning á eigin tilfinningum og annarra. Börnin eru spurð spurninga og þau hvött til að ræða tilfinningar sínar og líðan. Þannig styrkjum við börnin í að verða læs á tilfinningar og hegðun bæði sína og annarra, geri sér grein fyrir mörkum og sýni samkennd. Við viljum að barnið læri að þekkja líkama sinn, nota rétt líkamsheiti og bera virðingu fyrir sjálfu sér. Jákvætt viðhorf til hreyfingar og góðrar fæðu er mikilvægt veganesti út í lífið. Áhersla er á að börnin njóti þess að hreyfa sig og gleðin höfð í fyrirrúmi. Við trúum því að hreyfing stuðli að heilbrigðum lífsháttum, verndi heilsu, auki þol, úthald og styrk. Æfðar gróf- og fínhreyfingar sem auka samhæfingu, snerpu, jafnvægi, þol og kraft barnanna. Ýtt er undir vitund barna um næringu og hollustu fæðunnar með umræðum um matinn. Markmið Landlæknisembættis um hollustu og næringu eru höfð að leiðarljósi og boðið upp á fjölbreyttan mat. Tekið er tillit til þarfa hvers og eins.

Lýðheilsa er stór þáttur í starfi okkar, en í því felst að við stuðlum að heilbrigðum lífsháttum barna. Helstu áherslur okkar eru að auka hreyfingu og bæta mataræði, meðal annars með því að auka vatnsdrykkju en hvert barn er með sinn vatnsbrúsa og neyslu ávaxta og grænmetis. Hreinlætisvenjur eins og handþvottur er mikilvægur liður í líkamlegu hreinlæti fyrir og eftir matartíma og eftir salernisferðir. Einnig er hvíld og slökun mikilvæg fyrir líkamlegt heilbrigði og velferð. Slökun og hvíld er stór þáttur í almennri vellíðan. Yngstu



börnin fara í hvíld þar sem þau sofa. Þegar börnin verða síðan eldri og hætta að sofa er reynt að halda áfram með hvíldar stundir þar sem börnin fá að leggjast niður á dýnur í ró og næði og hlusta t.d. á rólega tónlist eða sögu.

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni (Aðalnámsskrá Leikskóla 2011).

Jákvæð og skýr samskipti milli barna, kennara og foreldra er höfð að leiðarljósi sem og gleðin.

Til þess að börnin geti betur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl er börnunum kennt um þá þætti sem hafa áhrif á heilsu og vellíðan, svo sem hollt mataræði, hreinlæti og mikilvægi hvíldar. Leitast er við að tryggja heilsueflandi umhverfi og að börnin upplifi jákvæða reynslu, njóti sín og hafi gaman.

Við gefum börnunum tækifæri til að hreyfa sig á fjölbreyttan hátt í ólíku umhverfi. Markmiðið er að efla grófhreyfingar, úthald, þor, einbeitingu, styrk, jafnvægi, samhæfingu og liðleika. Daglega fara börnin í útiveru á lóð leikskólans þar sem þau fá útrás fyrir hreyfiþörf sína í frjálsum leik.

Í frjálssleiknum er einnig í boði leikur í leikstofu og kubbastofu þar sem tækifæri gefst til hreyfileikja með dýnur, púða, teppi, Legokubba og smellukubba. Leikirnir á þessum svæðum gefa tækifæri til að byggja byggingar, setja upp þrautabrautir auk þess sem vinsælt er að útbúa leikfimitæki. Á öðrum svæðum í leiktíma er unnin fínhreyfivinna eins og teikna, klippa, púsla o.s.frv.



Börnin fara í útivist einu sinni á dag og stundum oftast ef veður leyfir. Við förum í vettvangsferðir bæði stuttar eða langar til að auka úthald og þrek.

Heilbrigði og velferð byggist einnig á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Markmiðið er að allt skólastarf efli heilbrigði og stuðli markvisst að velferð og vellíðan barna allan þann tíma er þau dvelja í leikskólanum.



Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin (Aðalnámskrá Leikskóla 2011).

Alltaf er tekið vel á móti börnunum þegar þau koma í leikskólann, þeim er mætt með hlýju og skilningi. Börnin eru svo alltaf kvödd með sama viðmóti og þeim þakkað fyrir daginn þegar þau fara úr leikskólanum. Mikið er lagt upp úr góðum samskiptum milli kennara og barna og eru kennararnir alltaf að endurskoða og rýna í hvernig þeir tala við börnin. Samskiptin einkennast af hlýju, umhyggju og skilningi.

## Sköpun

Nám (sköpun) á sér stað þegar barn bregst við áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Sköpun er meðfædd forvitni og athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði. Sköpun byggist á forvitni, áskorun og spennu, gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir ferlið meira máli en sjálfur afraksturinn. Að skapa er að fara út fyrir hið þekkt til að auka þekkingu í leik og starfi.



## Sköpun og menning



Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. (Aðalnámskrá leikskóla 2011)

Í leikskólanum fá börnin tækifæri til að skapa og túlka úr fjölbreyttum efnivið og kanna eðli hluta og eiginleika þeirra.

Sköpunin í okkar daglega starfi hefur ýmsar birtingarmyndir og eru augljósar m.a. þegar börnin föndra í föndurkrókum, leira, kubba, byggja. Kennarar og börn eru skapandi í sinni vinnu þar sem ímyndunaraflíð og sköpunargleðin fær að njóta sín. Sköpunarþörf barna er mikil og tjá þau tilfinningar sínar í gegnum sköpun þegar þau fá frelsi til þess.



Myndsköpun fer fram innan sem utan dyra og við tengjum hana endurvinnslunni með því að nota ýmislegt úr náttúrunni sem og endurnýtanleg efni sem til falla. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, að efla bæði fín- og grófhreyfingar og samhæfingu augna og handa.

Með yngri börnum er málað með fingrum og penslum, notaður einfaldur efniviður og stór blöð. Eftir því sem börnin eldast kynnast þau fjölbreyttari efnivið og flóknari aðferðum. Ýmis konar tilraunir eru gerðar með efniviðinn og ýtt undir frjálsa, sjálfstæða sköpun og hugmyndaflug barnanna.

Sungið er á hverjum degi í morgunstundinni og söngstundinni. Fjölbreytt lagaval, sögur og leikir í þessum stundum eflir sköpunar- og tjáningargleði barnanna og reynt er að höfða til allra. Börnin fá að hlusta á tónlist, mikið er líka lesið á Grænagarð og hafa börnin greiðan aðgang að bókum allan daginn.

## **Samþætt og skapandi leikskólastarf**

Allt starf leikskólans felur í sér viðamikið og samþætt nám, hvort sem það eru daglegar venjur, svo sem matartímar og klósettferðir, eða markvisst starf skipulagt af kennurum. Börn uppgötva og læra af öllu sem þau taka sér fyrir hendur bæði í leik sem og daglegu starf inni og úti, með stuðningi og hvatningu hinna fullorðnu og í samvinnu við önnur börn. Leitast er við að tryggja heilsueflandi umhverfi og að börnin upplifi jákvæða reynslu, njóti sín og hafi gaman.

## **Daglegar venjur**

### **Að koma og fara**

Lögð er áhersla á að taka vel og hlýlega á móti hverju barni þannig að það upplifi sig velkomið í leikskólann. Góð byrjun að morgni getur skipt sköpum þegar horft er á daginn í heild. Í lok dags er kvatt og þakkað fyrir daginn því mikilvægt er að börnin fari ánægð heim og hlakki til að koma næsta dag.



## Hverjir sækja barnið

Ef aðrir en foreldrar sækja barnið er nauðsynlegt að láta starfsfólk vita af því fyrirfram. Samkvæmt reglum í leikskólum í Ísafjarðarbæ, mega börn yngri en 10 ára ekki sækja barn í leikskólann.

## Sérþarfir

Séu börn með ofnæmi eða aðrar sérþarfir er tekið tillit til þess samkvæmt reglum sem settar hafa verið fyrir leikskóla Ísafjarðarbæjar.

## Veikindi barna

Það er réttur barnsins að vera heima þegar það er veikt, t.d. með hita eða almenna vanlíðan. Veikt barn getur smitað önnur börn sem kallar á fjarvistir bæði barna og foreldra. Einnig eru líkur á að starfsfólk geti smitast. Eftir veikindi skal barnið dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í a.m.k. einn sólarhring. Þegar barnið kemur aftur í leikskólann eftir lengi veikindi getur það fengið að vera inni í einn dag. Lyfjagiöf er á ábyrgð foreldra. Þurfi barn að taka lyf skal því hagað þannig að það geti tekið lyfið heima. Starfsfólk leikskólans gefur ekki lyf nema í brýnni nauðsyn.

## Máltíðir

- **Morgunverður** er framreiddur í leikskólanum frá klukkan 8:45-9:15. Þá er boðið upp á morgunkorn, mjólk, AB-mjólk, hafragrautur og krakkalýsi.
- **Ávaxtastund** er um klukkan 9:45-10:00 þá fá börnin niðurskorna ávexti áður en þau far í útiveru.
- **Hádegismatur** byrjar klukkan 11:30. Hann er eldaður í Gunnukaffi og kemur skólaliði grunnskólans með matinn í leikskólann. Matnum er síðan útdelt af starfsmanni leikskólans sem kemur honum inn á kjarna. Matráður ber ábyrgð á að setja saman matseðil hvers mánaðar svo hægt sé að sjá hann á upplýsingatöflu í anddyri, á heimasíðu og Karellen.



- **Síðdegishressing** er framreidd í leikskólanum og hefst hún klukkan 14:45. Alla daga vikunnar er boðið upp á brauð, álegg og ávexti og stundum hrökkbrauð, bruður eða rískex.

**Markmið:** Að kenna börnum borðsiði og efla um leið sjálfsvitund, félagsþroska og samvinnu þeirra á milli. Æskilegt er að matmálistímar séu ánægjulegir og að öllum líði vel. Starfsmenn og börn borða saman inni á kjörnum og þá gefst tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna.

## Svefn og hvíld

Til þess að börnin geti viðhaldið andlegri og líkamlegri heilsu og tekist á við lífið og leikinn þurfa þau að fá nægilegan svefn og hvíld.

Á milli kl.12:00 og 12:30 fara börnin í hvíld. Hvíldartími er ætlaður til afslöppunar fyrir börnin og er þá ró í húsinu. Yngri börnin leggjast á dýnu með teppi og kotta og hlusta stundum á rólega tónlist. Eldri börnin hvíla sig og hlusta á sögu eða tónlist. Yngstu börnin mega sofa í vögnunum sínum á þeim tíma sem hentar hverju og einu barni. Foreldrar geta ákveðið í samráði við kennarann hversu lengi barnið getur sofið og/eða hvílst. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og notalegt andrúmsloft.

## Hreinlæti

Markmið: að styrkja hreinlætisvenjur barnanna þannig að þau geti sjálf borið ábyrgð á þeim þegar þau hafa öðlast þroska og getu til. Hafa ber í huga að börn eru misjafnlega lengi að ná tökum á því að halda sér hreinum og þurrum. Sú færni sem barnið þarf til að ná stjórn á starfsemi þvagblöðru og endaparms er að mestu háð líffræðilegum þroska. Þess vegna er ekki hægt að kenna börnum að halda sér þurrum og hreinum fyrr er þau hafa náð eðlilegum þroska til þess.

Mikilvægt er að hafa í huga að :

- Kenna og leiðbeina börnunum við að þvo sér um hendurnar eftir salernisferðir og þegar við á.
- Hvetja börnin til að nota kopp/salerni



- Aldrei má refsa börnum eða lítillækka er þau bleyta sig eða gera í buxurnar. Þau þurfa fyrst og fremst skilning, hjálp og hlýju.

## Að klæða sig í og úr

**Markmið:** að þroska sjálfsmynd barns svo og að ýta undir sjálfsbjargarviðleitni þeirra.

- Hvetja börnin til að klæða sig sjálf
- Sjá til þess að börnin fái góðan tíma
- Hafa fá börn í einu í fataklefanum þannig að auðvelt sé að aðstoða þau.
- Leiðbeina og kenna börnunum að ganga frá fötunum sínum, hengja þau upp og setja í hólfin.
- Notaða tækifæri sem gefast til að ræða samband milli klæðnaðar og veðurfars.

## Frágangur og snyrtimennska

Lögð er áhersla á að börnin gangi frá eftir sig bæði úti og inni. Tiltektin er skipulögð og börnin ganga frá hlutunum um leið og þau hætta að nota þá. Það að taka til kennir barninu að vita hvar hlutirnir eru, auðveldar því að ganga um og finna hlutina aftur. Einnig kennir það þeim að flokka og raða eftir lit, lögun og stærð. Með því að taka þátt í tiltektinni læra börnin einnig að bera ábyrgð á hlutunum sem þau eru með.

- Starfsfólk er þátttakendur í tiltektinni
- Látið börnin vita með fyrirvara, gefið þeim tíma til að ljúka því sem þau eru að gera.
- Ef börn vilja ekki taka til reynum við komast að því af hverju það er og nota síðan ráð til úrbóta., t.d. er hægt að halda hópfund, finna börnunum hlutverk.
- Ef ekki er lokið við að taka saman hjálpum við þeim og útskýrum fyrir börnunum af hverju tiltekt er svo mikilvæg.

## Útivera

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útivera er börnunum holl, styrkir þau og eflir. Það gefast ótal tækifæri til náms í útiverunni. Í útiverunni leika börnin sér að mestu frjálst en einnig er boðið upp á skipulagða leiki.



## Vettvangsferðir

Nærumhverfi leikskólans er notað til vettvangsferða. Í vettvangsferðir er ýmist farið í litlum eða stórum hópum. Ferðir sem þessar gefa mikla möguleika á að örva og styrkja félagsfærni og samskipti barnanna. Farið er út í náttúruna og fylgst með árstíðaskiptum, fuglalífi, skordýrum eða hvað eina sem börnin sýna áhuga hverju sinni.

## Leikurinn

Leikurinn er kjarninn í uppeldisstarfinu í leikskólanum og er hann aðal leiðin til að ná markmiðum námskrár. Leikurinn er eðlilegasta tjáningarform barna og leiðirnar sem notaðar eru til að þau geti notið sín í leiknum eru í gegnum hópastarf, leik inn á deild, útivist og með daglegu lífi í leikskólanum. Í hverjum frjálstíma á Grænararði gefst börnunum kostur að leika sér í borðstofu, föndurkrók, leirkrók, púsluspil; leikstofu og kubbastofu. Á þessum svæðum er ákveðinn grunnefniviður og áhöld í boði til að vinna að sköpun en fjölbreyttu ítarefni er bætt við til að auðga sköpun og upplifun barnanna.

## Hópatími

Á Grænararði er unnið með grunnþætti menntunar, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun í hópastarfi. Hópastarfið er tvískipt og tilheyrir hvert barn ákveðnum hópi og hefur sinn kennara eftir ákveðnu skipulagi. Á morgnanna eru börnin í hópastarfi með sínum hópstjóra en seinnipartinn fara börnin til mismunandi kennara sem hver hefur sína þemu í hópastarfinu. Þemu haustið 2020 eru: málörvun, hreyfing, listsköpun, fínhreyfingar og útivist. Í hópastarfi eykst sjálfstraust og sjálfsöryggi barnsins þar sem það öðlast færni til aðgerða og breytinga.

Innan hópsins öðlast barnið skilning á samvinnu og reglum. Í hópleikjum og hópastarfi fær barnið tækifæri til að sýna frumkvæði og tillitssemi og samvinna barna og ábyrgðarkennd eykst. Í samskiptum við önnur börn eykst félagsproski og lífsleikni, þar ríkir jákvæður agi og það stuðlar að góðri samvinnu og virkni barnsins.





## Myndlist

Í gegnum myndlist og listsköpun fær barnið tækifæri til að skapa og túlka margskonar efnivið og kanna eðli hluta og eiginleika þeirra. Við það þjálfast samhæfing augna og handa og fínhreyfingar eflast. Sköpunarþörf barna er mikil og þau tjá sig með því að snerta, þreifa, lykta, uppgötva, rannsaka og tengjast umhverfi sínu.

Í skapandi starfi vinnur barnið úr eigin tilfinningum og þörfinni að skapa.

## Tónlist

Tónlistarþroska og tónlistarlæsi öðlast börn smám saman með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og kynnast virkri hlustun, næmni fyrir hljóðum, hljóðfærum og tónum. Unnið er með tónlist í skipulögðum hópum og einnig í daglegu lífi sem ýtir undir sjálfsprottinn söng og lífsgleði. Leitast er við að flétta saman hljóð, takt og hreyfingu, sem örvuð eru með því að vinna með mismunandi hljóð og hljóðfæri í umhverfinu, sem einnig vekur ánægju og áhuga barnsins.

Sungið er tvisvar sinum á dag í morgunstundinni og söngstundinni og vel gætt að því að börnin hafi alltaf ný og skemmtileg sönglög til þess að glíma við. Lögð er áhersla á að börnin æfi sönglög með fjölbreyttum og vönduðum textum sem hafa bókmenntalegt eða menningarlegt gildi.

## Hreyfing

Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing eykur líkamsskynjun og barnið nær smám saman betri stjórn á hreyfingum sínum sem hefur áhrif á sjálfsmyndina. Í hreyfileikjum öðlast barn skilning á styrk sínum, getu og fær útrás. Samhæfing hreyfinga, jafnvægi og öryggi barnsins eykst. Einu sinni í viku fer hver hópur í hreyfistund í þemahópatíma. Þar er farið í hreyfileiki, grófhreyfingar æfðar, hreyfisöngvar sungnir og jóga iðkað með kennara. Einnig fer hver hópur einu sinni í viku í útivist í þema hópatíma og kemur sú útivist til viðbótar við sameiginlega útivist allar barnanna. Í útiveru skynjar barnið



umhverfi sitt og kemst í snertingu við náttúruna í gegnum leikinn. Þegar hægt er fara börnin í íþróttahús.

## Menning og hefðir

Frá opnun leikskólans hafa kennarar, börn og foreldrar skapað ákveðna menningu og hefðir sem taka breytingum þegar það á við. Við skiptum leikskólastarfinu í vetrarstarf; frá 1. september til 31. maí og sumarstarf; frá 1. júní til 31. ágúst.

Frá 1. september til 31. maí einkennist leikskólastarfið helst af skipulögðu hópastarfi og leik barna jafnt úti sem inni.

- September, október, nóvember: Hópastarf og annað skipulagt starf.
- Desember: Áhersla er lögð á að njóta aðventunnar. Leikskólinn er skreyttur ljósum og jólaföndri barnanna. Börnin búa til jólagjafir fyrir foreldra sína. Einnig er hefð fyrir jólamat í sal þar sem börn og starfsmenn borða íslenskan hátíðamat. Dansað er í kringum jólatréð, jólasöngvar eru sungnir og jólasveinninn kemur í heimsókn. Börnin hafa bakað piparkökur fyrir jólakaffi sem er alltaf í fyrsta viku desember.
- Janúar: Hópastarf og annað skipulagt starf hefst á ný.

Á þorranum er borðaður þorramatur samkvæmt gamalli, íslenskri hefð. Þar er börnunum boðið að smakka allan hefðbundinn þorramat.

- Febrúar: Hópastarf og annað skipulagt starf. Á bolludaginn er börnunum boðið upp á rjómabollur í síðdegishressingu. Á sprengidaginn er börnum og starfsfólki boðið upp á saltkjöt og baunir. Á öskudaginn er öskudagsball í salnum. Þá er kötturinn sleginn úr tunnunni og boðið er upp á popp.
- Mars: Hópastarf og annað skipulagt starf. Um það leyti sem páskarnir ganga í garð er börnunum boðið að búa til páskaföndur. Foreldraviðtöl eru tekin í mars.
- Apríl: Hópastarf og annað skipulagt starf.
- Maí: Hópastarf og annað skipulagt starf. Opið hús - afrakstur vetrarstarfs sett upp til sýningar. Elstu börnin fara í heils dags útskriftarferð og útskrift er haldin í sal.
- Frá 1. júní til 31. ágúst einkennist leikskólastarfið af útivist og vettvangsferðum um nágrenni leikskólans.



- Júní: Útivera og vettvangsferðir.
- Júlí/ágúst: Sumarlokun leikskólans er í 5 vikur.
- Ágúst: Útivera. Aðlögun barna og nýrra kennara.

Auka hefðir í leikskólanum eru :

- Afmæli barnanna: Afmældisdagur er stór dagur í lífi barnsins. Haldið er upp á hann í leikskólanum og afmælisbarnið fær "sérstaka" athygli þennan dag! Barnið fær kórónu og afmælissöngurinn er sunginn. Barnið á ekki að koma með neitt að heiman, heldur mun leikskólinn bjóða upp á popp.
- Útskrift: Þegar börn ljúka leikskólagöngu sinni er þeim afhent viðurkenningarskjal fyrir dvöl sína í leikskólanum og haldin er sérstök útskriftarhátíð.
- Íþróttahátíð: Íþróttahátíð leikskóla Ísafjarðarbæjar er haldin, að vori, annað hvert ár.
- Myndlistasýning: Myndlistasýning leikskólanna er haldin annað hvert ár á móti íþróttahátíðinni.
- Einnig meðal annars: Þemadagar –bangsadagur, rafmagnslaus dagur, röndóttur dagur, litadagar, vorferð o.m.fl.

## Mat á námi og velferð barna

### Innra mat

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börnin eru að fást við og hafa áhuga á þ.e. hvað þau vita, geta og skilja. Þessar upplýsingar eru svo notaðar til þess að efla og styðja við hvert barn í námi sínu og leik. Leikskólinn notar fjölbreyttar matsaðferðir eins og: teikniþróf, hreyfiþroskaþróf, HLJÓM2 (mat á hljóðkerfisvitund), TRAS (málþroskamat), EFI málþroskaþróf, MIO stærðfræðikönnun, foreldraviðtöl og starfsmannafundi. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi. Starsfsfólk leikskólans notar einnig gæðagreina sem bera nafnið Hversu góður er leikskólinn okkar til að meta starfið og gæði þess.



## Ytra mat

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarstjórn hafa eftirlit með því að leikskólinn samræmist leikskólalögum, reglugerðum og Aðalnámskrá. Sveitarstjórn metur ytra starf skólans út frá skólanámskrá leikskólans, starfsáætlun, innra mati leikskólans, skólastefnu sveitarfélagsins og sérstöðu leikskólans. Stjórnendur leikskólans, sveitarfélag og ráðuneyti fylgja niðurstöðunum eftir. Einnig eru niðurstöður kynntar fyrir foreldrum og starfsfólki og á vefsíðu leikskólans.

## Fjölskyldan og leikskólinn

### Opnunartími

Leikskólinn er opinn frá kl. 8:00-16:00 og er ætlaður fyrir börn á aldrinum eins árs til sex ára. Börn þurfa að eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ til að hafa rétt til dvalar. Foreldrar eru beðnir um að virða vistunartíma barna sinna.

### Umsókn um vistun

Sækja þarf um vistun á þar til gerðum eyðublöðum sem fást á skrifstofu leikskólastjóra og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Send er staðfesting með tölvupósti um móttöku á umsókn. Þegar ljóst er hvenær barnið fær vistun í leikskólanum er haft samband við foreldra.

Sé biðlisti til staðar við leikskólann hafa elstu börnin forgang. Séu börn á biðlista jafngömul þá ræður dagsetning umsóknar og hefur þá elsta umsókn forgang þ.e. ef að barn hefur náð eins árs aldri.

### Leikskólagjöld

Leikskólagjöld eru á gjalddaga um miðjan mánuð fyrir líðandi mánuð og er eindagi þeirra 1. dag næsta mánaðar á eftir. Dragist greiðsla í tvo mánuði fá foreldrar viðvörðun um að missa pláss frá og með næstu mánaðarmótum berist ekki greiðsla eða um hana hafi verið samið á skrifstofu Ísafjarðarbæjar.



## Uppsagnarfrestur og breytingar á vistunartíma

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. og 15. hvers mánaðar. Hægt er að sækja um breytingar á vistunartímanum fyrir 15. hvers mánaðar. Eyðublöð fyrir uppsögn og vistunarbreytingum fást hjá deildarstjóra. Ekki er alltaf hægt að tryggja að lenging á plássi taki gildi strax þar sem vinnutími starfsfólks miðast út frá vistunartíma barnanna.

## Fjarvistir

Ef um veikindi barnanna eða aðrar fjarvistir er að ræða viljum við biðja foreldra að tilkynna það til leikskólans í síma 450 8260, í tölvupósti á netfang deildastjóra eða leikskólastjóra eða gegnum Karellen samskiptasíðu. Eins er mjög heppilegt að vita í tíma ef börnin taka lengra sumarfrí eða auka jólafrí.

## Kynning

Nýjum börnum og foreldrum er boðið að koma í heimsókn til að skoða húsnæði leikskólans, starf og til að kynna starfsfólki. Mikið er lagt upp úr hlýju viðmóti svo að fyrsta viðkynning við leikskólann verði jákvæð og að gagnkvæmt traust skapist.

## Aðlögun

Góð aðlögun er mjög þýðingarmikil fyrir barn, foreldra og starfsfólk. Við aðlögun notum við aðferð sem við kjósum að kalla þátttöku aðlögun.

Þessi aðferð byggir á fullri þátttöku foreldra í starfi leikskólans þá daga sem aðlögunin fer fram. Foreldrarnir eru s.s. með börnum sínum í þrjá daga á tímabilinu 8-16, en tímasetningar eru ákveðnar í samráði við foreldra. Foreldrarnir eru inni á deild með börnum allan tímann (nema þegar þau sofa) og sinna eigin börnum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Starfsfólkið tekur að sjálfsögðu líka þátt. Á fjórða degi eru foreldrar annaðhvort frammi í kaffistofu eða skreppa frá en þannig að hægt sé að ná í þá í síma ef þarf og sækja börn strax eftir hvíld. Á fimmta degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldrana og eru svo allan daginn þ.e. sinn vistunartíma.



Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. Með því að foreldrar séu virkir þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í hópnum ásamt því að kynnast starfsfólki leikskólans vel. Við lítum svo á að ekki sé verið að venja barnið á að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum undir öruggri leiðsögn foreldra sinna. Börnin eru með þessu móti að læra að vera í leikskólanum en ekki að venjast því að vera aðskilin frá foreldrum sínum.

## Þagnarskylda

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Við leggjum sérstaka áherslu á að taka vel á móti öllum börnum og foreldrum. Við viljum að allir finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum og sýnum við fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og leggjum við því áherslu á góða samvinnu kennara og foreldra. Upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis er mikilvægt og foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu. Foreldrum er boðið á ýmsar uppákomur í leikskólanum, svo sem opin hús, sumarhátíð og fleira. Foreldrafundur er haldinn að hausti þar sem vetrarstarfið er kynnt fyrir foreldrum. Almenn foreldraviðtöl eru haldin að vori, en foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við leikskólastjóra, deildarstjóra og hópakennara. Kallaður er til túlkur þegar það á við.

Reglulega koma fram ýmsar hagnýtar upplýsingar á Karellen síðu leikskólans og sameiginlegri heimasíður leik og grunnskóla.

Foreldrar eru sérstaklega boðnir í leikskólann fyrir jólin, á danssýningu í lok danskennslu, útskrift elstu barnanna, opið hús, dag leikskólans og sumarhátíð. Foreldrar taka einnig þátt og/eða aðstoða þegar hinar ýmsu uppákomur eru í leikskólanum, t.d. þegar farið er í lengri ferðir og haldið er upp á fjölskyldudagana. Tekið er vel á móti þeim sem mæta á hinar ýmsu uppákomur en ekki er formlega boðið til þátttöku í öllum hefðum og hátíðum.



## Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Upplýsingum til foreldra verður miðlað munnlega, með skriflegum upplýsingum á töflu í anddyri eða á súlu við fatahengi og í gegnum netpóst. Á heimasíðu leik og grunnskóla [gron@isafjordur.is](mailto:gron@isafjordur.is) og á Karellensíðu leikskólans má finna ýmsar upplýsingar um leikskólann.

Foreldrafundur er haldinn að kvöldi til þar sem starf vetrarins er kynnt fyrir foreldrum. Kennarar barnanna boða foreldra í viðtal að vori, foreldrar geta óskað eftir viðtali hvenær sem er. Ef þörf er á verða haldnir fundir með foreldrum, leikskólakennurum, sérkennslustjóra og öðrum fagaðilum.

### Foreldrafélag leik - og grunnskóladeildar

*Nöfn og netföng stjórnar*

Dagný Arnalds - dagnyarnalds@gmail.com

Jón Magnússon - gunnaogjon@simnet.is

Steinunn G. Einarsdóttir - sge@afish.is

Eyvindur Atli Ástvaldsson - wyvi12@gmail.com

Foreldrafélagið er með fjáröflun á árhátíð grunnskólanemenda í mars.

Foreldrafélagið gefur nemendum leik- og grunnskólans bollur á bolludaginn. Náíð samstarf er við foreldra almennt og foreldrafélagið og foreldrar almennt búngóðir með alla aðstoð sem tengist skólastarfinu í Önundarfirði.

### Stefna vegna foreldrasamstarfs

Markmið með foreldrasamstarfi er að tengja saman heimili og skóla. Góð samvinna foreldra og leikskóla sem byggja á gagnkvæmum samskiptum er forsenda fyrir árangursríkri dvöl barns í leikskólanum og góðri líðan þess. Gagnkvæm virðing, heiðarleiki og traust styrkja allt starf leikskólans. Foreldrar eru ævinlega velkomnir í leikskólann og geta tekið þátt í daglegu starfi sem og ýmsum uppákomum. Þeir geta leitað til deildarstjóra, kennara eða annarra starfsmanna ef þeir þurfa upplýsingar sem varða barnið, starfsemina eða til að koma óskum sínum á framfæri.



## Tengsl skólastiga

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli.

Báðir skólar hafa skipulagt samstarf sitt á hverju ári. Rætt er um áherslur í starfi og heimsóknir eru skipulagðar. Unnið er eftir þeim áherslum sem koma fram í sameiginlegri skýrslu um samstarf skólanna. Einnig er unnið að því að kennarar og starfsfólk skólanna kynnist gagnkvæmt þeim aðstæðum og aðferðum sem eru viðhafðar á hvoru skólastigi fyrir sig en það er grundvallaratriði við áframhaldandi þróun samstarfsins.

Samstarf við Grunnskólann verður með sama hætti og undanfarin ár. Til viðbótar fara elstu börnin þrjá daga vikunnar í grunnskólann þar sem þau fá tvær kennslustundir í senn sem miða að málörvun og læsi, að stórum hluta í gegnum leik og söng.

Grunnskóli Önuðarfjörður og Grænigarður hafa eftirfarandi markmið um samvinnu:

- Að styrkja og efla leik- og grunnskóla
- Að kennarar kynni sér starfsemi hvors annars
- Að gera samvinnuna á milli skóla markvissari

Þessum markmiðum teljum við að verði náð með því að vinna eftir eftirfarandi skipulagi:

- Skólahópur leikskólanemenda á samstarf við 1.-5. bekk grunnskólans, sem tekur á móti þeim sem vina- og samstarfsbekkur, kynnir fyrir þeim skólann og starfið og vinnur að fyrirfram ákveðnum verkefnum sem kennarar beggja deilda vinna að í samvinnu.
- Að vori fá foreldrar leikskólabarna boð um að koma með þeim í skólann og fylgjast með því starfi sem undirbúið hefur verið og unnið að. Einnig fái þeir almenna kynningu á grunnskólanum.
- Leikskólabörn fá að taka þátt í íþróttatíma með því markmiði að undirbúa þau í þeim reglum og venjum sem gilda í íþróttahúsinu og búningsklefum.
- Lokaheimsóknin er fólgin í því að leikskólahópurinn fær að vera heilan dag með nemendum yngsta stigsins og tekur þátt í venjubundnum skóladegi.





## Starfsmannafundir

Starfsmannafundir eru haldnir á dagvinnutíma. Einn fundur er haldinn í mánuði frá klukkan 8:00-10:00.

Umfjöllunarefni starfsmannafunda eru skipulagsmál, fagleg erindi, stefna og starfshættir leikskólans með hliðsjón af hugmyndafræði, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Ísafjarðarbæjar og einnig verður innra mat með gæðagreinum unnið á starfsmannafundum.

## Starfsdagar

Starfsdagar í leikskólanum eru þrír, auk eins námskeiðsdags á ári samkvæmt kjarasamningum en þá daga er leikskólinn lokaður. Starfsdagar eru nýttir til skipulags og endurmenntunar starfsfólks, leikskólaheimsókna eða ýmiss konar undirbúningsvinnu. Þema fer eftir því á hvaða tíma skólaársins þeir eru. Starfsdagar eru auglýstir á leikskóladagatali ef hægt er að koma því við. Minnt er á þá í föstudagspósti og á auglýsingasúlu við fatahengi.

## Skólanámskrá

Leikskólinn Grænigarður er með skólanámskrá sem birtist á heimasíðu leik og grunnskólans.

## Foreldraviðtöl

Á hverju ári eru foreldraviðtöl þar sem hópstjórar ræða við foreldra. Þar er farið yfir líðan barnanna og þroska. Á starfsmannafundunum fara kennarar yfir barnahópinn og skoða stöðu hvers barns.



## Sérkennsla

### Starfsmannastefna

Á Grænagarði er rekin starfsmannastefna sem gengur út á virðingu, jafnrétti og jákvæðni. Við leggjum okkur fram um að virða starfshætti hvers annars, deila hugmyndum og gæta jafnræðis. Þá er lögð áhersla á opin og hreinskilin samskipti um leið og við sýnum hvert öðru umburðarlyndi. Við gætum þess að sýna öllu samstarfsfólki, foreldrum og börnum tilhlýðilega virðingu í orðum og gjörðum. Á þennan hátt leggjum við grunn að samfélagi sem er jákvætt og gleðiríkt því þar er gott að vera

### Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi skólaári er lýst. Starfsáætlun er sameiginleg fyrir leik og grunnskóla. Umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs er birt í ársskýrslu sem einnig er sameiginleg fyrir leik og grunnskóla.

### Lokaorð

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að hver leikskóli eigi að móta sína eigin skólanámskrá. Þar á að gera grein fyrir starfsemi leikskólans, markmiðum, leiðum og gildum. Með skólanámskrá þessari vonumst við til að foreldrar og aðrir hagsmunaaðilar verði betur upplýstir um það starf sem fer fram í leikskólanum Grænagarði. Hún gegnir einnig því hlutverki að vera vinnutæki og leiðarvísir kennara.

Grunnhugsun kennara í leikskólanum er að starfa af fagmennsku, sýna virðingu og að öllum börnum og öðrum þeim sem koma að leikskólastarfinu líði vel því það er forsenda alls náms.

